

Höfði

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur á mjóu undirlendi, nær túnið milli fjalls og fjöru. Þar voru áður þrjú býli. Hin býlin voru **Höfðahjáleiga** (1) og **Höfðakot** (2), sem stóð vestast og efst upp undir fjallinu, en Höfðabærinn neðst og austast. Milli heimatúnsins og Hjáleigutúnsins rennur **Hjáleigugil** (4). En milli Hjáleigunnar og Höfðakots er **Höfðakotsgil** (5). Hjáleigubærinn stóð ofarlega í því túni – sér þar fyrir tóftum hans. Sunnan við þær er stór steinn er heitir **Hjáleigusteinn** (6). Höfðakotsbærinn stóð á allháum hól efst í túninu, efsti hluti þess túns heitir **Hólatún** (7).

Efst í heimatúninu er barð, sem **Ormsbarð** (8) heitir. Fyrir austan túnið eru mýrar frá fjallinu og niður á bakkana, heita þær **Höfðaengjar** (9). Utan við merkin er **Innstipartur** (10). Niður af honum er bungumyndaður lágur hóll á bakkanum, sem kallaður er **Bali** (11). Upp og út undan Bala heitir **Höfðakotsengi** (12).

Fyrir innan (austan) túnið er lækur, sem **Grafnalækur** (13) heitir. Fjallið upp af engjunum heitir **Drangur** (14), er þar brött hlíð og klettur miklir efst. Utarlega og neðarlega í hlíðinni eru brekkur, sem heita **Kaplabrekkur** (15). Þar út af er **Hjáleiguhlíð** (16), ofan hana fellur Hjáleigugilið. Niður frá hlíðinni er **Hjáleiguengið** (17). Upp með Hjáleigugilinu að utanverðu (vestan-) er einstigi upp klettana, sem kallaður er **Hjáleigugandur** (18). Nokkru utar fellur Höfðakotsgil ofan. Vestan við gilið er hryggur sem heitir **Höfðakotshryggur** (19), eftir honum er vegarslóð upp í **Höfðakotsdal** (20) og þaðan má fara um **Höfðaskarð** (21), sem er á milli **Kistufells** (22) og **Höfðakúlu** (23); þegar það er farið, er komið niður **Hríshlíð** (24) að Fögruhlíð í Fróðárhrepp.

Hlíðin upp undan Höfðakotstúninu er grösug hið neðra, en standbergsklettur ofar, svo er og út eftir að **Búlandshöfða** (25); þar sem klettarnir eru einna hæstir, skagar fram burstmyndað berg, milli þess og aðalbergsins er glufa, berg þetta er kallað **Hjartað** (26). Það er grasivaxið að ofan. Austur og niður undan Hjartanu eru stór björg í hlíðarrótunum, sem hrúnið hafa úr klettunum. Austan við Hjartað er grasivaxinn geiri upp í bergið. Hann heitir **Hvanntóargeiri** (27).

Fyrir utan túnin eru grasi vaxnir móar og flatir út undir **Sætrin** (28), sem er hjalli, sem gengur fram úr aðalhlíðinni og í sjó fram, fremst eru háir klettur sæbrattir; undir þeim má komast um fjörur eftir stórgrýttri fjöru, en ófært um hásjávað. Yfir Sætrin efst við hlíðina liggur vegurinn út í Búlandshöfða.

Mitt á milli Höfðakotsgils og Sætranna eru smástapar á bökkunum, sem heita **Prístapar** (29). Út undir Sætrunum er **Sölvalaut** (30), er það stór grasdæld niður við bakkann. Upp af henni eru allmiklar rústir fornlegar, eru þær kallaðar **Fornibærinn** (31). Þar er sagt að Höfðabærinn hafi staðið áður, en verið fluttur þangað, sem hann nú er, sökum reimleika. Í tóftum þessum hefur sézt ljós sem kallað er „vafurlogi“ frá Höfða, einkum þegar hlákumyrkur hafa verið; eitt sinn horfðu þeir svonefndu Höfðabræður á loga þennan, þrír samtímis; bræður þessir eru þeir Jón Sigurðsson, nú í Fögruhlíð, Bjarni Sigurðsson í Kötluholti og Haraldur Sigurðsson í Nýlendu.

Austan við rústirnar rennur lækur, er fellur í fossum ofan klettana. Lækur þessi heitir **Biskupslækur** (32). Hærra, upp undir fjallinu, þar sem Sætrin ganga fram, er kölluð **Guddulág** (33); í henni, neðan við götuna, er allstór flatur steinn, sléttur að ofan. Steinn þessi heitir **Líksteinn** (34). Sú sögn er um hann, að þá er Þórgunna (samanb. Eyrbyggjasögu) var flutt frá Fróðá að Skálholti til legstaðar, hafi líkmennirnir áð hjá steininum og sett kistuna á hann. Á Þórgunna að hafa mælt svo um, að enginn, sem hvíldi við steininn og gerði þar bæn sína, skyldi farast úr Höfðanum. Þykir það hafa gengið eftir. Nokkru innar en Líksteinn er annar steinn fyrir ofan götuna, sem kallaður er **Stekkjjarsteinn** (35). Utan undir honum er stekkjarrúst.

Fyrir utan Sætrin gengur sléttur oddi í sjó fram, heitir hann **Búland** (36). Upp af Búlandinu eru brekkur tvær með klettanúp á milli. Heita þær **Búlandsbrekkur** (37). Þær eru farnar þegar gengið er „undir Höfðanum“. Í Búlandinu eru fornar verbúðatóftir. Innanvert í Búlandinu, inn undir Sætraklettunum, hefur verið vör – sér enn fyrir henni á stöku stað í fjörunni. Vestan við Búlandið, milli þess og Búlandshöfðaklettanna, er vík, sem **Búlandsvogur** (38) er kallaður. Ofan í Búlandsvog fellur **Búlandsgil** (39), sem er landamerkjagil á milli Höfða og Mávahlíðar.

Stafrófsskrá örnefna

Bali 11	Höfðakúla 23
Biskupslækur 32	Höfðaskarð 21
Búaland 36	Höfði 3
Búlandsbrekkur 37	Innstipartur 10
Búlandsgil 39	Kaplabrekkur 15
Búlandshöfði 25	Kistufell 22
Búlandsvogur 38	Líksteinn 34
Drangur 14	Ormsbarð 8
Fornibær 31	Stekkjarsteinn 35
Grafnalækur 13	Sætrin 28
Guddulág 33	Sölvalaut 30
Hjáleiguengi 17	Þristapar 29
Hjáleigugandur 18	
Hjáleigugil 4	
Hjáleiguhlíð 16	
Hjáleigusteinn 6	
Hjartað 26	
Hólatún 7	
Hríshlíð 24	
Hvanntóargeiri 27	
Höfðadalur 20	
Höfðaengjar 9	
Höfðahjáleiga 1	
Höfðakot 2	
Höfðakotsengi 12	
Höfðakotsgil 5	
Höfðakotshryggur	